



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK
Iceland

Garðabær, 21.6.2025

Málsnúmer: 202505-0025

LA

Efni: Vinnslu- og rannsóknarholur í Hverahlíð II og Meitlum. Umhverfismatsskýrsla.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt Skipulagstofnunar, dags. 12. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu fyrir framkvæmdir Orkuveitunnar vegna vinnslu- og rannsóknarhola í Hverahlíð II og Meitlum.

Markmið framkvæmda er tvíþætt. Annars vegar er verið að undirbúa stækkun á vinnslusvæði Hverahlíðar, Hverahlíð II, og bæta við nýjum kostum til að viðhalda vinnslugetu Hellisheiðarvirkjunar. Fyrirhugað er að gera fjögur ný vinnsluborsvæði (B6, B7, B8 og B9) og stækka núverandi borsvæði (B4), samtals með allt að 20 vinnsluholur. Hins vegar eru fyrirhugaðar sjö rannsóknarborholur á svæðunum við Hverahlíð, einnig kallað Norðurhalsar, og tvær borholur við Stóra-Meiti, með það að markmiði að kanna hvort vinnanlegur jarðhiti sé til staðar á þeim svæðum. Ákvörðun um hvort af nýtingu verður innan rannsóknarsvæða fer alfarið eftir niðurstöðum borholarannsóknar á jarðhitaauðlindinni.

Helstu framkvæmdarþættir í umhverfismatinu eru borplön, borholur, vegslóðar að borplönunum og lagnir frá vinnsluholum.

Umhverfismatið miðar við gerð fjögurra nýrra vinnsluborsvæða (B6, B7, B8 og B9) og stækkun á núverandi borsvæði (B4) með að hámarki 20 vinnsluholur. Umhverfismatið miðar við gerð 9 borplana fyrir rannsóknarholur að hámarki. Stærð borplana fyrir rannsóknarborun verður um 2400 m² að flatarmáli. Áætlað er að vinnsluholur verði 1700-3500 m langar og rannsóknarholur 1200-1500 m langar. Áætluð vatnspörf er á bilinu 35-70 l/s á meðan á borun stendur og fer vatnspörfin eftir því hvort um vinnslu- eða rannsóknarholu er að ræða en einnig eftir lekt holunnar. Ráðgert er að vatnsöflun fyrir boranir verði frá kaldavatnsholum (borvatnsveitu) á Hellisheiði og Hverahlíð. Borvatnslögn verður lögð tímabundið á yfirborði að borsvæði. Áætluð heildarlengd vegslóða innan framkvæmdasvæðis er um 11 km og auk þess verða sett fjögur bílastæðaplön fyrri almenning, 130-180 m² að flatarmáli. Áætluð efnispörf fyrirhugaðra framkvæmda verður samtals um 71.100-149.700 m³ sem sótt verður í nærliggjandi opnar námur.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrslu og fagnar þeim áformum að hætt hefur verið við rannsóknarboranir á svæðinu sunnan við Eldborg undir Meitlum, eins og kynnt var í matsáætlun framkvæmda, í ljósi verndargildis jarðminja og landslags svæðisins.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun dags. 22. janúar 2024, og jafnframt um leyfisumsókn til jarðhitarannsóknar í Meitlum og Hverahlíð II, dags. 27. febrúar 2024. Í þeim umsögnum




kemur skýrt fram álit Náttúrufræðistofnunar um að náttúruvinjasvæðið við Eldborg og Meitla sýni mikinn jarðbreytileika, hafi hátt verndargildi jarðminja, sé mikilvægt svæði vegna vísinda- og fræðslugildis og mikilvægi þess að vernda óraskaða landslagsheild svæðisins.

Umhverfismatsskýrsla vegna vinnslu- og rannsóknarhola í Hverahlíð II og Meitlum er greinargóð og vel unnin og gert er grein fyrir mótvægisáðgerðum. Í viðaukum er gerð ítarleg grein fyrir mikilvægum umhverfispáttum er varða framkvæmdina.

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Vegslóðar og bílastæðaplön.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við aðkomuveg V2-austur, vegslóði upp á Norðurháls, frá borplani 1 að borplani 2, ásamt bílastæðaplani sem er á þeim vegslóða. Þessi vegslóði mun fara yfir óraskað svæði og hafa áhrif á landslag. Vanda þarf sérstaklega vel ef af lagningu hans verður. Stofnunin bendir á að annar vegslóði verður lagður frá borplani 3 að borplani 2 og telur því að sleppa megi öðru hvorum af þessum vegslóðum. Fjögur bílastæði innan framkvæmdasvæðisins að stærðinni 130-180 m² er vel í lagt fyrir almenning vegna útivistar og telur Náttúrufræðistofnun að til verndar landslagi svæðisins megi sleppa bílastæðum við borplan 2 og borplan 7. Hins vegar vantar að stika vel gönguslóða innan svæðisins t.d. upp á Skálafell. Bílastæði fyrir almenning geta verið undir Hverahlíð.



Rannsóknarborsvæði við Meitla.

Orkuveitan mun fresta rannsóknarborunum við Meitla, borsvæði 8 og 9, þar til niðurstöður úr rannsóknarborunum HR-01 og HR-02 liggur fyrir og draga þar með úr óþarfa raski á landslag og ásynd innan landslagsheildar Eldborgar. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að rannsóknarborsvæðin við Meitla, 8 og 9, séu kynntar sem möguleg framtíðar rannsóknarborsvæði í Meitlum. Á bls. 45 stendur:

“Þegar niðurstöður rannsóknarborana á Meitlasvæðinu liggja fyrir fæst skýrari mynd á hvort og þá hvernig ákjósanlegast er að nýta mögulega auðlind í Meitlum, hvort sem það er með tengingu við Hellisheiðarvirkjun eða sjálfstæðri varmastöð/virkjun.” Náttúrufræðistofnun telur að undanskilja eigi



borholur 8 og 9 við Meitla úr umhverfismati og taka aftur til skoðunar þegar niðurstöður úr rannsóknarborholum HR-01 og HR-02 liggja fyrir og tekin verður frekari ákvörðun um nýtingu auðlindar ásamt tengingar við virkjun, hvort sem það er Hellisheiðarvirkjun eða ný virkjun.

Grunnvatn.

Vel er gerð grein fyrir vatnstöku ásamt staðbundnum og tímabundnum áhrifum á efnafræðilegt ástand grunnvatns. Mikilvægt er að vakta ástand grunnvatns og grunnvatnsborðs innan nýtingarsvæðisins. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að mælingar á grunnvatnsborði í borholum í nágrenni Hellisheiðavirkjunar verða nýttar til að fylgjast með mögulegum áhrifum á vatnsborð og til að fylgjast með efnafræðilegum þáttum verða tekin sýni úr vöktunarholum við og í nágrenni virkjunarinnar.

Náttúrufræðistofnun telur að þar sem framkvæmdasvæðið er innan vatnsverndarsvæðis og grunnvatnsstreymi liggur að mestu frá norðri til suðvesturs þurfi einnig að fylgjast vel með ástandi grunnvatns sunnan við framkvæmdasvæðið.

Jarðhitageymirinn.

Margir óvissuþættir eru ávallt varðandi jarðhitanýtingu og því mikilvægt að gerðar séu rannsóknir og fylgst sé vel með þróun auðlindarinnar. Náttúrufræðistofnun tekur undir álit Orkuveitunnar sem kemur fram á bls. 163, en þar stendur “*Jarðhitageymirinn er auðlind sem vinnsla Hellisheiðarvirkjunar byggir á. Orkuveitan leggur áherslu á að umgangast auðlindina með sjónarmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Í samræmi við skilyrði í nýtingarleyfi mun ON áfram vakta áhrif massavinnslu jarðhita á nýtingarsvæðinu á Hellisheiði og við Hverahlíð með það að markmiði að koma í veg fyrir umtalsverð neikvæð áhrif á auðlindina.*”

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að Orkuveitan stundar nú þegar umfangsmikið eftirlit með hita og þrýstingi í jarðhitakerfum Hengilsins.

Náttúrufræðistofnun getur tekið undir niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum vegna vinnslu- og rannsóknarborunar í Hverahlíð og Meitlum, á þá umhverfispætti sem tengjast fagsviði stofnunarinnar. Ljóst er að áhrifin verða mest á jarðmyndanir (talsvert neikvæð áhrif), landslag (allt að talsvert neikvæð) og gróðurfar og vistgerðir (nokkuð neikvæð) og mikilvægt er að útfærsla á öllum framkvæmdaþáttum taki mið af því að lágmarka þessi neikvæðu áhrif eins og mögulegt er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

